

Skóla- og frístundaráð

Tillaga Sjálfstæðisflokksins um heilsdags- og heilsársstörf í leikskólum og frístundaheimilum

Á fundi borgarráðs þann 20. október 2022 var lagt fram að nýju bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 18. ágúst 2022, sbr. afgreiðslu skóla- og frístundaráðs á tillögu Sjálfstæðisflokksins um heilsdags- og heilsársstörf í leikskólum og frístundaheimilum, sbr. 22. lið fundargerðar borgarráðs frá 18. ágúst 2022. Einnig lögð fram umsögn skóla- og frístundasviðs og fjármála- og áhættustýringarsviðs, dags. 14. september 2022.

Borgarráð samþykkti að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Tillögunni er vísað til meðferðar hjá skóla- og frístundaráði. Mikilvægt er að leita sjónarmiða fagstétta sem málið varðar. Í umsögn sviðsins kemur fram að starfsfólki frístundaheimila sem er í hlutastarfi gefst þegar kostur á að vera í fullu starfshlutfalli og starfa í viðkomandi grunnskóla eða annarri starfsemi skóla- og frístundasviðs.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks fagna því að jákvætt sé tekið í tillögur þeirra að lausn leikskólavandans, en þær eru hver um sig mikilvægur liður í því að leysa þennan bráðavanda.

Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands og áheyrnarfulltrúi Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að fá umsagnir frá hluteigandi aðilum og félögum inn í þessa vinnu.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins lagði fram svohljóðandi bókun:

Lagt er til að starfsmönnum frístundaheimila verði boðið upp á heilsdags- og heilsársstörf í leikskólum. Þannig gætu starfskraftar þeirra nýst fyrri hluta dags við



Reykjavíkurborg

leikskólana en seinni hlutann við frístundaheimilin. Flokki fólksins finnst þetta góð tillaga sem vert er að skoða. Flokkur fólksins hefur einnig bent á að bjóða mætti fólki um og yfir sjötugu hlutastörf/heilsdags störf í leikskólum borgarinnar. Í þeim hópi er mikill mannauður enda fólk með langa reynslu að baki.

Helga Björk Laxdal

e.u.

Afrit:

Bréf skóla- og frístundasviðs, dags. 18. ágúst 2022

Umsögn skóla- og frístundasviðs, dags. 14. september 2022